

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

581. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. janúar 2009 kl.


10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Skólabúðanna að Reykjum.
2. Tilkynning um 17. Ársþing SSNV.
3. Bréf Heilbrigðisráðuneytisins. Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana.
4. Bréf Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
5. Starfsendurhæfing á Norðurlandi vestra. Fundargerð frá 7. janúar sl.
6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Drög að starfsmannastefnu Húnaþings vestra.
8. Drög að samstarfssamningi USVH og Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði, Karl Örvarsson og Halldóra Árnadóttir eru mætt til viðræðna við byggðarráð um starfsemi skólabúðanna. Lýstu þau rekstrarumhverfi skólabúðanna í breyttu efnahagsumhverfi. Fulltrúar skólabúðanna munu upplýsa byggðarráð um stöðu mála í aprílmánuði nk.
2. Fram lögð tilkynning um 17. Ársþing SSNV en þingið verður haldið í Skagafirði 24.-25. apríl nk.
3. Fram lagt bréf Heilbrigðisráðuneytisins. Í bréfinu eru kynnt áform um sameiningu heilbrigðisstofnana. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisstofnunin Hvammstanga sameinist Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Sveitarstjórnun er gefin kostur á að gera athugasemdir við fyrrgreind áform til 26. janúar nk. Byggðarráð mótmælir hardlega áformum um skerðingu á þjónustu heilbrigðisstofnunarinnar þ.m.t. skertu sjálfstæði stofnunarinnar. Byggðarráð mun senda frá sér ítarlegri umsögn þegar útfærslur vinnuhópa ráðuneytisins liggja fyrir þann 19. janúar nk.
4. Bréf Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga lagt fram. Í bréfinu segir heilbrigðisstofnunin upp leigu á íbúð að Hvammstangabraut 41, Hvammstanga frá og með 1. mars nk. Samþykkt að auglýsa íbúðina til leigu.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð fundar sem haldinn var þann 7. janúar sl. á Blönduósi um undirbúning að stofnun starfsendurhæfingar á Norðurlandi vestra. Stefnt er að stofnfundi starfsendurhæfingar NV þann 18. febrúar nk.
6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi lagt fram. Óskað er umsagnar um umsókn Fannars Karls Ómarssonar um f.h. Söluskálans Hörpu um leyfi til rekstrar veitingastofu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
7. Fram lögð drög að starfsmannastefnu fyrir Húnaþing vestra. Samþykkt að senda sveitarstjórnarmönnum drögin til kynningar. Umræðu og afgreiðslu frestað.

Handwritten signatures and initials, including 'GAB', 'H/A', and 'blm'.

8. Fram lögð drög að samstarfssamningi Húnaþings vestra og USVH. Byggðarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra undirritun hans.

Samþykkt að taka á dagskrá:

9. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri lögðu fram drög að þriggja ára áætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Samþykkt að vísa áætluninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:05

Ólafur R. Þorvaldsson
Staðsetning: Húnaþing vestra
Hönnun: Þorvaldsson

Svein Þorvaldsson

Aheytnarfulltrúi:

Ólafur Þorvaldsson